

## **Fundargerð 27. Fundar stjórnar Brákar íbúðafélags hses., þriðjudaginn 7. Janúar 2025**

Stjórnarfundur Brákar íbúðafélags hses., kt. 550722-0970 var haldinn 07.01.2025 kl. 13:00 á fjarfundi á Teams.

Mættir voru: Snorri Styrkársson, Ása Valdís Árnadóttir, Björn Sigurður Lárusson, Kristján Svan Kristjánsson, Guðveig Eyglóardóttir og Einar Georgsson.

Fundargerð rituðu Snorri og Einar

### **1. Fundarsetning (SS)**

Snorri Styrkárson formaður stjórnar setti fundinn kl. 13:05.

### **2. Fulltrúaráðsfundinn 08.01.2025**

Snorri lagði fyrir fundarmenn tillögu að kynningu fyrir fundinn.

Lagt til að fulltrúaráði verðir sendur ársreikningur fyrir og Snorri/Einar skoða hvort rétt sé að senda þeim fundargerðir eða samantekt á starfinu fyrir fund.

Ákveðið að Ása Valdís verður fundarstjóri á fundinum og Einar verði ritari

### **3. Ársfundur 15.01.2025**

Snorri mun nota sambærilega kynningu fyrir ársfundinn og var lögð fyrir fulltrúaráðið. Einar og Snorri munum stilla upp áætlun um kaup/byggingu íbúða til næstu 3ja ára

Sturla endurskoðandi félagsins mun mæta og fara yfir ársreikning félagsins

Ákveðið að Ása Valdís verður fundarstjóri á fundinum og Einar skoðar hvort einhver hjá HMS geti tekið að sér að rita fundargerð.

### **4. Ný verkefni í janúar 2025**

Einar kynnir nýtt verkefni í Árborg, Nauthagi 2. Um er að ræða 6 íbúða kjarna fyrir fatlaða einstaklinga ásamt 180 fm sameign. Stjórn samþykkir tillöguna og felur framkvæmdarstjóra að vinna málið áfram og leggja að nýju fyrir stjórn. Ása Valdís Árnadóttir sat ekki þennan lið fundarins.

### **5. Staða framkvæmdastjóra**

Fyrir liggur að stuðningur HMS við starf framkvæmdastjóra Brákar lýkur í lok janúar. Samþykkt að fela formanni að ræða við Einar Georgsson um að gegna stöðu framkvæmdastjóra Brákar og honum falið að leggja drög að ráðningarsamningi fyrir stjórn. Einar Georgsson sat ekki þennan lið fundarins.

### **6. Næsti fundur**

Næsti verður boðaður síðar í janúar eftir ársfundinn þegar niðurstaða liggur fyrir um ráðningu framkvæmdastjóra.

### **7. Fundarslit**

Snorri slítur fund kl. 13:50

Einar Georgsson

Snorri Styrkársson

# Undirritunarsíða

Snorri Styrkársson

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Sigurður Lárusson

Guðveig Lind Eyglóardóttir

Kristján S Kristjánsson